



RÍKISSKATTSTJÓRI

Alþingi  
Eriindi nr. P 141/912  
komudagur 6.12.2012

Laugavegi 166 - 150 Reykjavík - Sími 563 1100  
Fax 562 4440 - www.rsk.is - rsk@rsk.is

Alþingi, nefndarsvið  
Kirkjustræti  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 6. desember 2012 R2012110028  
T-ums 21/12

### Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins - 364. mál, þskj. 421

Ríkisskattstjóri hefur þann 20. nóvember 2012 móttengið tölvupóst þar sem embættinu er gefinn kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál.

Með frumvarpinu er annars vegar lagt til að felld verði niður skylda forstöðumanna ríkisstofnana til að áminna almennan starfsmann með formlegum hætti vegna brots á starfsskyldum og hins vegar eru lagðar til breytingar á ákvæðum er varða lausn embættismanna.

Á síðustu árum þar sem að auknar kröfur um skilvirkni opinberra stofnana hafa verið samfara niðurskurði á fjárveitingum hefur almennt starfsmannahaldi vegið einna þyngst í rekstri ríkisstofnana. Núgildandi reglur um réttindi opinberra starfsmanna hafa leitt til þess að allar hagræðingar í starfsmannahaldi eru afar þungar í vöfum


Hjá ríkisskattstjóra starfar fjölbreyttur hópur starfsfólks alls 256 manns. Á löngum starfstíma embættisins hefur það komið fyrir að til stofnunarinnar hafi ráðist fólk sem góðar væntingar voru um að myndi valda því starfi sem það var ráðið til. Því miður hefur komið fyrir að raunin hafi orðið önnur. Finna má þess dæmi að starfsmaður hafi nánast dagað uppi og þrátt fyrir vinsamleg tilmæli, óbeina og beina hvatningu, þá hafi starfsmaðurinn sýnt af sér slíka háttsemi að rifta hafi þurft starfssambandi. Í einhverjum tilfellum hafa þessir starfsmenn talið starfsöryggi sitt svo ríkt að þeir hafa ekki talið ástæðu til að óttast brottrekstur, hvort sem er vegna brota í starfi eða vegna slakra vinnubragða.

Uppsögn er þungbært úrræði hvort sem er fyrir starfsmanninn sjálfan, samstarfsmenn hans eða stjórnanda og skiptir þá ekki máli hvert sé tilefni uppsagnar. Að vikja starfsmanni úr starfi er íþyngjandi ákvörðun sem ekki er tekin nema að vandlega athuguðu máli. Slík ákvörðun er öllum hlutaðeigandi ætíð erfið. Ríkisskattstjóri telur ekki að slíkar ákvarðanir séu teknar með geðþótta að leiðarljósi eins og stundum hefur verið haldið fram.

Ríkisskattstjóri telur í ljósi framanritaðs að full ástæða sé til þess að gætt sé meira jafnræðis á milli starfsöryggis ríkisstarfsmanna og skyldna forstöðumanns til að stýra og stjórna starfseminni með þeim hætti innan fjárheimilda að haldið sé uppi starfsánægju þrátt fyrir að gætt sé aðhalds og aga til að halda uppi kröfum um almenna festu og skilvirkni í rekstri. Frumvarpið gengur þá leið sem stutt gæti slíkt.

Virðingarfyllst

  
Skúli Eggert Þórðarson

  
Guðrún J. Jónsdóttir